

Ábyrgð aðila og gerð áhættumats

Ábyrgð stjórnenda og einstakra starfsmanna

Samkvæmt vinnuverndarlögunum eru skyldur atvinnurekenda víðtækar í vinnuverndarmálum. Þeir bera ábyrgð á vinnuumhverfinu í heild. Verkstjórar bera ábyrgð á því starfsviði sem þeir stjórna. Skyldur starfsmanna afmarkast einkum af eigin verksviði. Verkstjórar og starfsmenn eiga að stuðla að umbótum á vinnuumhverfinu og bregðast við því sem aflaga fer. Allir bera ábyrgð á sínum vinnustað en atvinnurekandi ber þó ávallt meginábyrgðina.

Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir

Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir á vinnustöðum eiga að stuðla að því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi sé í samræmi við lög og reglugerðir. Hægt er að fá upplýsingar um hlutverk þessara aðila á heimasíðunni www.vinnueftirlit.is

Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað - áhættumat


Samkvæmt reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum ber atvinnurekanda að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður taka þátt í gerð áætlunarinnar og fylgjast með því hvernig henni er framfylgt. Í því felst þátttaka í gerð áhættumats og áætlunar um heilsuvernd og forvarnir. Þátttaka í gerð áhættumats starfa er eitt viðamesta hlutverk öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða.

Netfang Vinnueftirlitsins:
vinnueftirlit@ver.is

Heimasíða Vinnueftirlitsins:
www.vinnueftirlit.is

Eftirlitssvæði Vinnueftirlitsins eru fjögur:
Netföng á eftirlitsskrifstofum eru:

Vestursvæði: vestur@ver.is
Norðursvæði: nordur@ver.is
Austursvæði: austur@ver.is
Suðursvæði: sudur@ver.is



VINNUEFTIRLITIÐ

Aðalskrifstofa, Bildshöfða 16, 110 Reykjavík
Sími 550 4600 – Fax 550 4610



VINNUEFTIRLITIÐ

Helstu verkefni Vinnueftirlitsins



Fræðslu- og leiðbeiningarit nr. 31

Vinnuverndarlögin

Vinnueftirlitið starfar samkvæmt Lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem tóku gildi 1. janúar 1981 og hafa tekið nokkrum breytingum síðan. Þessi lög eru oft kölluð *vinnuverndarlögin*.

Lögin gilda um alla sem vinna í landi, þar með talið einyrkja og bændur.

Lögin gilda ekki um starfsmenn á sjó eða í flugi.

Margar reglur og reglugerðir hafa verið settar til að kveða nánar á um ákvæði laganna sem flestar byggja á ítarlegu regluverki ESB á grundvelli EES-samningsins.

Helstu verkefni Vinnueftirlitsins

Vinnuvernd er hluti almennra mannréttinda. Í því felst að sérhver starfsmaður snúi heill heim úr vinnu sinni í lok hvers starfsdags, alla starfsævina.

Vinnuverndarhlutverk Vinnueftirlitsins er að fylgja því eftir að starfsumhverfi sé öruggt, heilsusamlegt og í samræmi við vinnuverndarlög. Vinnueftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd vinnuverndarlaganna, veitir fræðslu og leiðbeiningu, stuðlar að rannsóknum, rannsakar slys og óhöpp, heldur skrár yfir vinnuslys, atvinnusjúkdóma o.fl.

Markmið laganna

Í 1. gr. vinnuverndarlaganna segir:

Með lögum þessum er leitast við að:

- tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu;
- tryggja skilyrði fyrir því að innan vinnustaðanna

sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál, í samræmi við gildandi lög og reglur, í samræmi við ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlitsins

Rannsókn vinnuslysa

Vinnueftirlitið rannsakar vinnuslys í fovarnarskyni. Atvinnurekandi skal tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Sérstök eyðublöð eru notuð við tilkynningarnar en þau þarf að sækja á heimasíðu Vinnueftirlitsins.

Vinnueftirlitið heldur skrá um tilkynningarskyld vinnuslys og rannsakar orsakir vinnuslysa til að koma í veg fyrir að slys endurtaki sig. Þessi forvarnarvinna byggir á því að vinnuslys séu tilkynnt samviskusamlega til Vinnueftirlitsins.

Rannsóknir

Rannsóknir eru stundaðar til þess að afla nýrrar þekkingar um vinnuvernd. Þær varpa ljósi á aðstæður sem geta valdið heilsutjóni eða vanlíðan starfsmanna sem unnt er að bæta með breytingum á vinnuskipulagi eða öðru sem tengist vinnuaðstæðum. Þær eru jafnframt grundvöllur fyrir þróun námskeiða og bættum aðferðum og hugsun við framkvæmd vinnuverndar. Hægt er að kynna sér niðurstöður rannsókna sem hafa verið gerðar á heimasíðu Vinnueftirlitsins.

Fræðsla og útgáfa

- Námskeið, fyrirlestrar og leiðbeiningar um vinnuvernd fyrir stjórnendur og starfsmenn.
- Skyldubundin námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði á vinnustöðum.
- Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla og fyrir þá sem flytja hættulegan farm á vegum úti og veita svo kölluð ADR-réttindi.

- Útgáfa ýmiss konar fræðsluefnis, leiðbeininga og annars upplýsingaefnis.
- Samstarf við aðila á vinnumarkaði, skóla, fræðslustofnanir o.fl.
- Heimasíðan heldur utan um útgefið efni, greinar, myndbönd o.fl. www.vinnueftirlit.is

Eftirlit

Eftirlitsstarfinu er skipt í:

- Eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í fyrirtækjum, stofnunum, við bygginga- og mannvirkjagerð og í landbúnaði.
- Umsagnir og leyfisveitingar þ.e.a.s. umsagnir um teikningar að nýju eða breyttu atvinnuhúsnæði og veitingu starfsleyfa til fyrirtækja.
- Gjaldskyldar skoðanir vinnuvéla og tækja, svo sem á lyfturum, krönnum, fólks- og vörulyftum, þrýstihylkjum o.fl.
- Eftirlit með meiriháttar iðnaðar- og efnahættum.
- Markaðseftirlit með vélum, tækjum, persónuhlífum og ýmsum öðrum búnaði og vörum sem notaðar eru af starfsmönnum við vinnu. Í því felst eftirlit t.d. með því að vörur séu CE-merktar. Tilgangurinn er að stuðla að öryggi starfsmanna á vinnustöðum.

Mælingar og prófanir

- Mælingar á hávaða, ómtíma, rykmælingar, mælingar á innlofti og mengun ásamt ýmsum tilfallandi mælingum eftir óskum og þörfum í fyrirtækjum.
- Prófanir á ýmsum þrýstibúnaði svo sem á flutninga-tönkum á bílum, kötlum og öðrum þrýstihylkjum.